



283. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 13. ágúst 2019, kl. 15:00 í fundarsal PWC að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Guðjón Bragason og Eygerður Margrétardóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ingunn Jónsdóttir frá SASS og Stefán Gíslason (SG), framkvæmdastjóri Environice.

1. Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingarfundur

Á fundinn mættu Eygerður Margrétardóttir og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Staða sorpmála á Suðurlandi kynnt fyrir starfsmönnum Sambandsins og þau fóru yfir þau verkefni sem Sambandið er að vinna að.

2. Kynningarmál í samstarfi við SASS

Ingunn Jónsdóttir mætti á fundinn og kynnti m.a. handrit að kynningarmyndbandi um lífræna flokkun, úrvinnslu og matarsóun.

3. Útflutningur á brennanlegu sorpi

Farið yfir stöðu samningamála. GHH kynnti samskipti við Ríkiskaup um hvernig standa megi að samningsgerð. GHH og SG falið að vinna áfram að skammtímasamningi og VEAT auglýsingu á EES svæðinu.

4. Umhverfisstofnun: Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs

Umræður um drög umhverfisstofnunar að stefnu ríkisins um meðhöndlun úrgangs.

5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason mættir á fundinn og gerir grein fyrir stöðu mála-

- Staða á móttöku úrgangs.
Um 1360 tonn hafa verið flutt í Fíflholt og Stekkjavík og hefur farið minnkandi frá mánuði til mánaðar. SG falið að bera þessar tölur saman við magnupplýsingar frá sveitarfélögum.
- Brennsla dýrahæja.
Beðið er svars frá Skipulagsstofnun um rökstuðning fyrir því að verkefnið þurfi að fara í umhverfismat.
- Urðunarstaðir – frestað til næsta stjórnarfundar.
- Aðgerðaráætlun o.fl.

6. Önnur mál

Fundur verður í samráðshópi sorpsamlaganna á Suðvesturhorninu á morgun á skrifstofu Sorpu í Reykjavík. AÍG og JGV munu sækja fundinn

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn miðvikudaginn 4. september næstkomandi á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 17:15